

Minjaráð Reykjaness

10. fundur haldinn í Kvennó, Grindavík

Mætt voru: Þór Hjaltalín, Hallur J. Gunnarsson, Guðlaug M. Lewis og Helga Ragnarsdóttir sem ritar fundargerð.

Gestur: Eggert Sólberg Jónsson, Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkur

1. Fundarmenn boðnir velkomnir, ýmis prektísk mál – fundur settur.

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir. Helga tekur að sér að rita fundargerð.

2. Gönguleiðir í Grindavík. Eggert Sólberg Jónsson, sviðstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Eggert er boðinn velkominn. Hann gerir grein fyrir vinnu sem Grindavíkurbær hefur farið í til að styrkja ímynd bæjarins og greina nokkurs konar „sjálf“ hans.

Í gegnum rýnihópa og opna fundi var m.a. rætt um hjarta bæjarins, hvar miðbærinn sé. Kvikan, menningarhús bæjarins, Sjómannagarðurinn og höfnin spila þar stærsta hlutverkið með staðsetningu sinni og starfsemi. Eggert ræddi auk þess mikilvægi hátíðarinnar Sjóarinn síkátí og vinnu sem fram fer til þess að efla hann enn frekar í samræmi við sjálfskoðunina og nýja sjávarréttahátíð sem sett verður á stofn. Allt er þetta gert til þess að efla sjálfsmynd bæjarins, færa fortíðina til framtíðarinnar þar sem tengingin við sjósókn myndar bæinn eins og hann er í dag.

Skoðuð var gönguleið sem merkt hefur verið á loftmynd. Gerð er grein fyrir markverðum stöðum á myndinni, m.a. þeim sem taldir eru upp að framan og mynda hjarta bæjarins.

3. Staða mála varðandi stefnumótun á sviði minjavörslu. Þór kynnir

Stefnumótunarvinna frá síðasta fundi rædd og staða mála kynnt.

4. Nýjar reglur um skráningu menningarmínja. Þór kynnir

Þór fór yfir helstu þætti nýju reglanna og ræddi með fundarmönnum.

5. Gamli bærinn í Grindavík – hugleiðing. Þór sýnir myndir og kort.

Skoðuð voru kort og myndir af Grindavík, m.a. gamla bænum og svæðum sem sótt er að vegna byggingarlands.

6. Vettvangsferð í gamla bæinn – Hallur Gunnarsson kynnir framkvæmdir minjafélags Grindavíkur o.fl.

Farinn var rúntur um gamla bæinn og markverðir staðir skoðaðir. M.a. álagablettir, bæjarstæði, tún og garðar. Hallur opnaði Bakka, gamla verbúð, sem Minja- og sögufélag Grindavíkur gerir upp um þessar mundir. Húsið var skoðað og fræðst um sögu þess.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30